



STEFNA

RÚV

• 2022

— RÚV okkar
allra – fyrir þig

2026

Förunautur íslensku þjóðarinnar,
háskóli alþýðunnar, uppspretta
skemmtunar og fróðleiks. Tengir
þjóðir og einstaklinga í skilningi
og friði, vettvangur heilbrigðra
skoðanaskipta, leiksvið margra
lista, verkstæði fjölbreyttra fram-
kvæmda, staður stórra drauma.


→ stefna.ruv.is

A.

1. Ávarp útvarpsstjóra
2. RÚV okkar allra – fyrir þig
3. Verklag við stefnumótunina

B.

Hlutverk




C.

Gildi

1. Við erum traustins verð
2. Við þorum
3. Við vinnum saman
4. Við sýnum sjálfbærni í verki

D.

Lifandi stefnumótun



E.

Stefnuáherslur

1. Stafrænt RÚV
2. Fréttir og þjóðfélagsrýni
3. Menning og miðlun
4. Fjölbreytileiki, jafnræði og þátttaka
5. Sjálfbær þróun og samfélagsleg ábyrgð

F.

Framtíðarsýn



G.

Mannauður

1. Fólkið
2. Menning
3. Þekking
4. Gæði




B.

Hlutverk RÚV

Hlutverk RÚV er að upplýsa og fræða, skerpa skilning og þátttöku í samfélaginu, auka ánægju og hreyfa við fólki á uppbyggilegan hátt.

Hlutverk RÚV er að efla lýðræðislega umræðu og félagslega samheldni, leggja rækt við íslenska tungu, sögu og menningararfleifð og endurspegla menningarlega fjölbreytni. Hlutverk RÚV er að fanga, varðveita og miðla sögu þjóðarinnar og spegla um leið tíðarandann í íslensku samfélagi og veröldinni sem mótar það.

Hlutverk RÚV er að þjóna samfélaginu með því að auðga daglegt líf, efla þýðingarmikla upplifun og dýpka gagnkvæman skilning.



C.

Gildi

Við erum traustsins verð

Við varðveitum dýrmætan trúverðugleika RÚV í samfélaginu með því að vinna af heilindum. Við byggjum á staðreyndum, störfum faglega og viðhöfum gagnsæi. Við treystum hvert öðru, stöndum við loforð, viðurkennum mistök og erum uppbyggileg í gagnrýni.

Við þorum

Við stöndum vörð um hagsmuni almennings af hugrekki og þorum að velta við steinum. Við hugsum út fyrir hefðbundnar markalínur og sýnum áræðni við að móta nýjar leiðir í verki og hugsun.

Við vinnum saman

Við leggjum áherslu á gott samstarf innan veggja RÚV og gagnvart öðrum í samfélaginu. Við skiptumst á skoðunum með gagnkvæmri virðingu, stöndum undir trausti og berum sameiginlega ábyrgð á árangri heildarinnar.

Við sýnum sjálfbærni í verki

Við fylgjum skýrri stefnu um sjálfbærni á öllum sviðum, frá boðskiptum til efnisnotkunar. Við högum störfum okkar í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um að ganga ekki á rétt umhverfisins og komandi kynslóða.

D.

Lifandi stefnumótun

Grundvöllinn fyrir starfsemi og stefnu RÚV er að finna í lögum nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, og í þjónustusamningi menningarmálaráðherra. Þangað sækir RÚV kraft sinn en nánari áherslur eru útfærðar til nokkurra ára í senn í samræmi við hegðun notenda, þróun fjölmiðlamarkaðar, stöðu almannathjónustumiðla og lykilbreytingar í ytra umhverfi.

E.

Stefnuáherslur

Fimm stefnuáherslur liggja til grundvallar stærri og smærri aðgerðum RÚV til ársloka 2026. Áherslurnar hvíla á styrkum innri stoðum RÚV, ríkri gagnaöflun og samhljómi við erlenda almannabjónustumiðla. RÚV sinnir mikilvægri þjónustu í íslensku samfélagi. Um sumt er hún nákvæmlega eins og annars staðar en að sumu leyti er Ríkisútvarpið einstakt, eðli málsins samkvæmt.

1. Stafrænt RÚV
2. Fréttir og þjóðfélagsrýni
3. Menning og miðlun
4. Fjölbreytileiki, jafnræði og þátttaka
5. Sjálfbær þróun og samfélagsleg ábyrgð

Sameiningarvettvangur

RÚV er samkomustaður íbúa landsins og leggur mikið upp úr því að sem flest megi kynna því sem skarar fram úr hverju sinni. RÚV leggur áherslu á að sameina þjóðina á mikilvægum stundum í menningar- og íþróttalífi og segja sögur af fólki á fjölbreytilegum vettvangi, með ólíkum áherslum.

Íslensk tunga

RÚV leggur rækt við íslenska tungu í öllu sínu starfi. Áhersla er lögð á vandaða dagskrárgerð á íslensku í öllum miðlum RÚV og sérstaklega er hugað að framleiðslu barnaefnis á íslensku. Starfsfólk RÚV vandar mál sitt og er um leið skapandi í málnotkun sinni. RÚV upplýsir, fræðir og fjallar um mál og málnotkun með aðgengilegum og fordómalausum hætti.



Fjölbreytileiki, jafnræði og þátttaka

RÚV ber að endurspegla fjölbreytileika samfélagsins í dagskrá og allri starfsemi. Jafnrétti kynja er hornsteinn í ytra og innra starfi og gætt er að jafnræði fjölbreyttra hópa og einstaklinga. Aðgengi allra íbúa landsins að þjónustu RÚV skal vera tryggt og áhersla lögð á þjónustu við ólíka einstaklinga.

Fyrir hvert okkar

Engar tvær manneskjur eru eins og RÚV kappkostar að þjóna mismunandi þörfum í dagskrá og miðlunarleiðum. Sérstaklega er litið til þess að ná til barna, ungmenna og ungs fólks með fjölbreyttu og vönduðu efni.

Fyrir ólíka hópa

Aukin áhersla er lögð á að greina þarfir mismunandi hópa og auka samráð við hagaðila til þess að þjóna fjölbreyttu samfélagi. Sérstaklega er litið til þátta er snúa að kynjum, aldri, fötlun, kynhneigð, kynvitund og uppruna, í samræmi við stefnu Sambands evrópskra sjónvarpsstöðva um áherslu á fjölbreytileika. Hugað er markvisst að því að auka sýnileika fjölbreyttra hópa og skapa vettvang fyrir ólíkar raddir.

Fyrir landið allt

Áhersla er sem fyrr lögð á að efni og umfjöllun í dagskrá RÚV endurspegli fjölbreytt mannlíf um allt land. Lögð verður enn ríkari áhersla á jafnræði milli landshluta í mannlífssögum og fréttaumfjöllun. Einnig birtast áherslur á landsbyggð í fjölgun starfa án staðsetningar.

F.

Framtíðarsýn: RÚV endurspeglar litríkt samfélag

RÚV þjónar samfélaginu öllu, eflir það og endurspeglar fjölbreytileika þess. RÚV er virkur vettvangur skoðanaskipta um samfélagsmál. Í upplýstu og víðsýnu samfélagi deilir fólk sameiginlegri reynslu og hefur greiðan aðgang að ólíkum sjónarmiðum.

RÚV er traust, áreiðanleg og óhlutdræg upplýsinga- og efnisveita sem gerir fólki kleift að víkka sjóndeildarhring sinn og setja samfélagið og umheiminn í samhengi. Þjónusta RÚV gefur fólki svigrúm til að fræðast og njóta menningar og afþreyingar, hvar og hvenær sem því hentar.

RÚV gegnir virku frumkvöðlahlutverki í íslenskri fjölmiðlun í samstarfi við fjölbreytta hópa.

G.

Mannauður

Hjá RÚV starfar kraftmikill og fjölbreyttur hópur fólks sem vinnur verk sín af lífi og sál og er stolt af starfi sínu. Vinnustaðurinn er lifandi þekkingar- og nýsköpunarsamfélag sem einkennist af fróðleiksfýsn, framsækni, víðsýni og sköpunarkrafti. Starfsfólk hefur almannapjónustuhlutverk RÚV ávallt að leiðarljósi.





→ stefna.ruv.is